

Síðasti maðurinn. Homo sapiens líður undir lok

Í bernsku var ég hugfanginn af indíanasögum. Meðal þeirra var hin hrífandi og sorglega saga James Fenimore Cooper (1789-1851), “Síðasti Móhíkaninn” (The Last of the Mohicans). Vettvangurinn sögunnar er Norður-Ameríka í stríði nýlendubjóðanna, Breta og Frakka, um yfirráð, innbyrðis og við frumþjóðir álfunnar.

Aðalpersónur sögunnar eru Fálkaauga, bleikskinni, fóstursonur hins mikla foringja Sjingagúk, og sonur hans, Únkas. Móhíkanar voru ein þeirra indíanaþjóða, sem hvítir innrásarmenn í Bandríkjunum geryddu eins og Íslendingar geirfuglinum. Það var trúlega í þá tíð, að hugur minn og hjartalag mótaðist þannig, að ég rís öndverður við yfirgangi, ofbeldi og óréttlæti. Nú virðist sagan endurtaka sig.

Saga endurræsingarinnar miklu (the great reset) er að vonum ekki skrifuð enn. Bláamaðurinn, David Sörensen, hefur þó lagt til efni á spjöld hennar í áhugaverði heimildarmynd.

Samkvæmt forustumönnum sameinaðra auðvalda/auðjöfra veraldar og tagltækra stjórnvalda – lýðræðisríkjanna þar á meðal - mun mannkyni, með kostum og göllum, verða útrýmt í fyrirsjáanlegri framtíð.

Í fararbroddi er ísraelski sagnfræðingurinn, Yuval Noah Harari (f. 1976), hugmyndafræðingur Alheimsefnahagsráðsins (World Economic Forum). Hér gefst m.a. kostur á að hlýða á orð hans um tölvubætt mannkyn, tölvumennið eða vélverunnar (cyborg).

Hann segir m.a., að nú sé mannkyn á þeim tímamótum að geta skilið í þaula (hann notar tölvutækniorðið, „hack“ eða hjakk) miðtaugakerfi mannsins og endurbætt með tækni. Spekingurinn hefur samið skilningsrit um þetta: lífeðlisleg kunnátta + tölvumáttur + upplýsingar = hæfni til miðtaugakerfishjakk.

Þetta er skammstafað á ensku AHH, en orðið ku merkja guð á hebresku. Það vill svo skemmtilega til, að Yuval Noah lýsir einnig dauða guðs og upprisu hans, þ.e. í mynd alheimsstjórnarúrvalsins, sem ræður því, hvernig mannkyn verður tölvubætt og uppfært.

Nú þurfa menn (þ.e. tölvuverunnar) ekki lengur að rogast með byrði hins frjálsa vilja lengur. Tæknin eða öllu heldur þeir, sem tækninni stjórna, úrvalið sjálf, mun lesa huga okkar og skilja út í hörgul, hvað okkur sé fyrir bestu. (Það hljómar reyndar kunnuglega úr stjórn málaumræðunni í dag.) Úrvalið mun stjórna því, hvernig við hugsum og hegðum okkur, hvernig okkur líður.

Það kemur varla á óvart, að ný flokkun mannkyns muni eiga sér stað. Tölvutækni og gervigreind lyftir mannbótahyggjuni á æðra stig. Ný stétt manna hefur orðið til; gagnslausa stéttin (useless class), gráðug og þurftafrek átvögl. Þessi gagnslausu átvögl verða að hverfa eins og dögg fyrir sólu, því þau sólunda gæðum jarðar.

Forstjóri Nokia, Pekka Lundmark, tekur undir boðskapinn á fundi í Alheimsefnahagsráðinu. Hann lýsir því m.a., hvernig snjallsíminn, útvortis verkfæri okkar á líðandi stundu, muni grætt verða inn í miðtaugakerfið, þ.e. tölvuörflögur, þegar fram líða stundir.

Þá verður öldin önnur fyrir leynipjónustur ríkisvaldsins eða alheimsvaldsins öllu heldur. Við verðum undir rauntímaeftirliti. Hin mikla tölvumóðir kemur í stað hinnar fornu, holdteknu „Miklumóður.“ Kæfandi faðmur hennar lykur um okkur dag og nótt og skráir m.a. kolefnissporið.

Samtímis yfirtöku miðtaugakerfis okkar er unnið að erfðabreytingum, sbr. mRNA bólusetningar við covid-19. Markmiðið er það sama, þ.e. að skapa leiðitamar tölvuverur, léttar á fóðrum, án kolefnisspora.

Joseph Biden er ekki einasta mikill áhlaupsmaður, þegar stríð við Kínverja og Rússa og bólusetning Bandaríkjamanna (eins og Bill Gates heimsbyggðarinnar) er annars vegar, heldur er honum kappsmál mikið að endurbæta mannkynið eins og samherjum hans hjá Alheimsefnahagsráðinu.

Í aðgerðayfirlýsingu stjórnar hans smá lesa: „Það ber nauðsyn til að efla erfðatæknifræði (engineering technologies) og verkkunnáttu, svo forrita megi frumur og segja fyrir um líftæknilegt starf þeirra á sama hátt og hugbúnaður er forritaður fyrir tölvur; leysa úr læðingi afl það, sem í líffræðilegri vitneskju felst, þ.m.t. aðferðir tölvutækni og gervigreindar.“

Í myndinni má finna prýðilegt yfirlit yfir þróunina í átt að alheimsstjórn. Höfundur myndarinnar veltir fyrir sér, hvort Joseph Biden sé bókstaflega tvöfaldur í roðinu, að tvívari hans sé í Hvíta húsinu.

Höfundur bendir líka á rósturnar í sambandi við forsetakosningarnar í Bandaríkjum Norður-Ameríku 2020 og kemst að þeirri niðurstöðu, sem er undirbyggð þungvægum rökum og vitnisburði, að um sviksemi hafi verið að ræða.

David veltir jafnframt vöngum yfir ástæðu kosningasvika og bendir á, að Donald Trump hafi andæft alheimssinnunum, sbr. ræður hans á þingi Sameinuðu þjóðanna

og í Alheimsefnahagsráðsins. Donald skerti einnig framlög til Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og talar gegn stríði.

Það er svo sem ekki að undra, að Donald hafi með slíku andófi valdið auðvöldum veraldar voðalegri vansæld. Einn þeirra, sjálfur George Soros, sem fjármagnar eyðilegginu víðs vegar um heim, sagði m.a. „að veröldinni stafaði hættu af ráðuneyti Trump,“ sem hann liti þó á sem tímabundna hættu, sem gufa myndi upp árið 2020.

George reyndist sannspár. Donald tapaði kosningunum 2020 til Joseph Biden eins og annar andstæðingur alheimsstjórnarsinna og bóluefnafursta, Jair Messias Bolsonaro, í Brasilíu. Við tók Luiz Inácio Lula da Silva, stuðningsmaður alheimsstjórnarhyggjunnar.

Það mætti svo sannarlega halda, að boðskapur Alheimsefnahagsráðsins sé sóttur í einhverja vísindaskáldsögu. En því miður virðist svo ekki vera eins og urmull heimilda ber vitni um.

Stundum er veruleikinn lygilegri en skáldskapurinn sjálfur – lygimálin jafnvel.

<https://www.youtube.com/watch?v=7ykELwj1Ta8>

https://stopworldcontrol.com/cry-freedom/?inf_contact_key=2c7c7811fbfa24096bae4724c75e3d82cc0558ed5d4c28cbfab114022b1ec50d